

REGLUGERÐ

um bann við veiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Allar veiðar með flot- og botnvörpu eru bannaðar á svæði, sem markast af línu, sem dregin er úr Ingólfshöfða um eftirgreinda punkta:

1. 63°45'N – 16°30'V
2. 63°45'N – 16°25'V
3. 63°46'N – 16°23'V
4. 63°57'N – 16°23'V

2. gr.

Allar veiðar með dragnót eru bannaðar á svæði milli 16°35'V og 16°40'V frá fjöruborði meginlandsins suður að 63°44'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í Arnardalsreit á Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 sbr. gr. 4.4.2. í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 hefur ráðuneytið hinn 11. október 1988 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi í Arnardal, Akranesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjóra Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.